

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað með niðurstöðum frumkvæðisathugunar akstursþjónust

Dags: 11. mars 2025

Málsnúmer: 202503257/-

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Greinargerð:

Þann 11. júní 2024 barst velferðarsviði erindi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) þar sem tilkynnt var um að stofnunin hefði ákveðið að ráðast í frumkvæðisathugun á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er lögbundin þjónusta skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 en akstur fyrir eldra fólk er ekki lögbundin.

GEV kannaði hvort sveitarfélögin bjóði upp á akstursþjónustu fyrir þessa tvo hópa sem og hvort þeir sem sinni akstrinum hafi til þess tilskilin rekstrarleyfi frá GEV.

Mosfellsbær býður upp á akstursþjónustu bæði fyrir fatlað fólk sem og eldra fólk og er Pant, eining innan Strætó bs., framkvæmdaraðilinn. Pant kaupir aksturinn annars vegar af Hópbílum og hins vegar leigubílastöðinni Hreyfli, og eru báðir þeir aðilar með tilskilin rekstrarleyfi.

*Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

Fylgiskjal:

- Niðurstöður frumkvæðisathugunar GEV á akstursþjónustu sveitarfélaga, mars 2025.